



Kópavogi, 28. október 2023  
Málsnr. 2301344

Efni: Svör við tillögum ungmennaráðs sem ráðið kynnti fyrir bæjarfulltrúum á fundi bæjarstjórnar í maí 2023.

### 1. Umhverfismál – Auka aðgengi að ruslatunnum

Lagt er til að fjölga aðgengi að ruslatunnum í sveitarfélaginu. Þær séu betur merktar og horfa mætti til einhverskonar apps eða upplýsingar á heimasíðu bæjarins um staðsetningu rusla- og eða flokkunartunna/gáma. Skólarnir veiti fræðslu um flokkun reglulega og komið á einhverskonar keppni milli árganga sem flokka hvað mest, að þeim sé þá umbunað með pizzu veislu eða öðru í skólastarfinu.

**Svar;** Samkvæmt svari frá umhverfissviði er stöðugt og markvisst verið að fjölga ruslastömpum í bæjarlandi og á síðasta ári hafa m.a. bæst við tunnur þar sem tekið er á móti flokkuðum úrgangi. Hægt er að sjá staðsetningu stampana á kortavef Kópavogs [www.map.is/kopavogur](http://www.map.is/kopavogur) með því að velja þjónusta og svo Ruslabíður (ílat sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang). Ætti einnig að vera hægt að velja grenndargáma á kortavefnum og sjá hvar þeir eru staðsettir, og verður slíkri beiðni komið áfram á þann sem sér um landupplýsingakerfið.

Grunnskóladeild ræðir við skólastjórnendur um fyrirkomulag á reglubundinni fræðslu til nemanda um flokkun, auk þess að hvetja stjórnendur í samvinnu og samráði við nemendur að leggja fram hugmyndir að útfærslum á því hvernig hægt væri að umbuna nemendum, t.d. eftir árgöngum, sem standa sig vel í að flokka innan skólans.

### 2. Félagsmál – Auka eftirlit og yfirsýn þegar kemur að jafnrétti og íþróttum

Eitt af því sem rætt var um á ungmennáþingi og lagt til að koma á framfæri var jafnrétti og íþróttir. Ungmennaráð leggur áherslu á að Kópavogsbær hugi betur að með einhverskonar samtali eða eftirliti við íþróttafélögin í Kópavogi hvað varðar jafnrétti kynja í íþróttum. Hægt væri að horfa til þess að íþróttafélögin haldi utan um tölfræði eða skili skýrslu þar sem gert er grein fyrir fjölda æfingatíma KK og KVK, og hvernig félögin vinni markvisst að því að auka jafnræði til þátttöku í íþróttastarfi.

**Svar;** Íþróttadeild skoðar leiðir til að taka út fjölda æfingatíma sem úthlutað er til KK og KVK í unglingsflokki. Íþróttadeild mun einnig upplýsa framkvæmdastjóra íþróttafélagana um tillögu ungmennaráðs.

### 3. Skólamál – Lengja framhaldsskólann í 4 ár

Innan ungmennaráðs og á ungmennáþingi hefur verið umræða um að bæta líðan nemanda. Ungmennaráð ræddi um möguleika tengt því að skoða að lengja framhaldsskólann aftur í 4 ár. Með því að lengja viðveru framhaldsskólanema eða að það sé í það minnsta valmöguleiki að taka námið annað hvort á þremur eða fjórum árum gefst ungu fólki meiri tími og möguleiki til að stunda félagslíf, íþróttir og annað



sem bætir andlega líðan. Með þessu væri líka hægt að draga úr streitu og álagi á ungu fólki sem fylgir því að kappkosta við að klára nám á þremur árum. Framhaldskólaárin eiga að vera árin sem einkennast af góðu og uppbyggilegu félagslífi samhliða náminu. Til að stuðla að heilsusamlegu líferni og aukinni hreyfingu á meðal ungs fólks á aldrinum 16-20 ára, mætti horfa til þess að sveitarfélögin eða framhaldsskólarnir semji við líkamsræktarstöðvar að bjóða framhaldsskólanemum fría áskrift og eða góðan afslátt af líkamsræktarkorti.

**Svar;** Framhaldsskólar eru á ábyrgð Mennta- og barnamálaráðuneytisins og sveitarfélögin taka því engar ákvarðanir um framhaldsskóla. Starfsmaður ungmennaráðs í samvinnu við sviðsstjóra menntasviðs getur hins vegar sent formlegt bréf til Mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem tillögu Ungmennaráðs Kópavogs er komið á framfæri til ráðuneytisins.

16 ára og eldri geta nýtt frístundastyrk til að greiða niður líkamsræktarkort. Sveitarfélögin semja ekki við einkaaðila um afslætti.

#### 4. Forvarnarmál – Auka og gera markvissari hinsegin fræðslu og fjölmenningarfræðslu

Aukin og markvissari fræðsla um hinsegin mál og fjölmenningu. Horfa til þess að byrja fyrr með slíka fræðslu. Það að við fögnum fjölbreytileikanum og fjölmenningu sé sýnilegra í öllum stofnunum bæjarins og samfélaginu, t.d. með fánum, merkimiðum og upplýsingar aðgengilegri á öðrum tungumálum en íslensku. Mætti horfa til þess að nýta áfanga eins og kynjafræði þar sem farið er í fræðslu tengt þessum málum og horfa meira til jafningjafræðslu þar sem ungt fólk fræðir annað ungt fólk um málefni.

**Svar;** Unnið er að því að ganga frá fræðslusamning við Samtökin '78. Í samningnum er lögð áhersla að á veita hinsegin fræðslu til starfsfólks grunnskóla, nemenda grunnskóla, fræðsla til stjórnenda, fræðsla til leikskóla, fræðsla til starfsfólks frístunda/félagsmiðstöðva og þjálfara íþróttafélaga. Á síðasta skólaári létu grunn- og frístundadeild prenta út fræðslubækling um kynsegin málefni sem fór út í alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar. Skoðað verður að prenta bæklinginn aftur út og hvetja starfsmenn skóla og frístunda/félagsmiðstöð til að kynna hann fyrir starfsfólki og nemendum. Frístundadeild í tengslum við forvarnardaginn stóð einnig að hinsegin fræðslu fyrir allt starfsfólk félagsmiðstöðva, sem og var unglingum boðið upp á fræðsluerindi í sömu viku.

Á síðasta skólaári var haldið námskeið fyrir unglinga sem höfðu áhuga á að gerast jafningjafræðarar. Unnið er að þessu áfram og búið að standa að námskeiði fyrir unglingana og starfsfólk félagsmiðstöðva, sem miðar að því að búa til hóp af jafningjafræðurum um fjölmenningu. Stefnt er að því að jafningjafræðararnir verði tilbúnir til að fara inn í alla skóla og félagsmiðstöðvar með fjölmenningarfræðslu eftir áramót. Sömuleiðis vinnur menntasvið að gerð viðmiða um forvarnaráætlanir skóla og þar er lögð áhersla á að fjölmenningarfræðsla sé kennd með markvissum hætti á hverju skólastigi.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir  
Deildastjóri frístundadeildar